

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

ADALFUNDUR 8. MAÍ 2025

Tillögur stjórnar

2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir rekstrarárið sem lauk hinn 28. febrúar 2025 verði samþykktur.

4. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

5. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna síðasta rekstrarárs heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 430.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 860.000 og varaformanns kr. 570.000.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 104.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 208.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 62.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 93.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

Greinargerð:

Tillagan byggir á tillögum starfskjaranefndar og er ákvörðuð með hliðsjón af þeim viðmiðum sem vísað er til í starfskjarastefnu félagsins, sem og launakjörum stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda annarra skráðra félaga sem félagið ber sig saman við. Felur tillagan í sér um 3,5% hækkun á þóknunum stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.

7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt með breytingum.

Annars vegar er lagt til að grein 7.2 í starfskjarastefnunni verði breytt þannig að við ákvörðun kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda skuli miðað við að

fjárhæð árlegra kaupaukagreiðslna geti að hámarki numið fjögurra mánaða grunnlaunum, eða 33,33% af grunnlaunum viðkomandi.

Hins vegar er lagt til að stjórn félagsins verði heimilað að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og á grundvelli hennar bjóða starfsmönnum félagsins og eftir atvikum dótturfélaga þess kauprétt að hlutum í félaginu.

Á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skal hverjum starfsmanni sem uppfyllir skilyrði þau sem vísað er til í ákvæðinu vera heimilt að kaupa hluti í félaginu fyrir að hámarki kr. 750.000 á ári hverju í þrjú ár, á verði sem ákvarðað skal í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003.

Gerir tillagan ráð fyrir að nýju ákvæði varðandi þetta verði bætt inn í starfskjarastefnuna sem grein 9.

Greinargerð:

Tillagan að breytingu greinar 7.2 í starfskjarastefnunni byggir á því markmiði að auka hvata lykilstarfsmanna til þess að ná settum markmiðum í rekstri félagsins og tengja þannig enn frekar hagsmuni lykilstarfsmanna félagsins við hagsmuni félagsins sjálfs og hluthafa þess. Tilgangur breytingarinnar er jafnframt að gera félaginu mögulegt að halda launahækkunum stjórnenda innan skynsamlegra marka, en um leið tryggja samkeppnishæfni félagsins m.t.t. launakjara stjórnenda og gera því enn betur kleift að umbuna stjórnendum fyrir að ná settum viðmiðum.

Tillagan að nýrri 9. gr. byggir á því markmiði að tengja hagsmuni allra starfsmanna samstæðunnar við afkomu og langtímamarkmið félagsins og hluthafa þess. Í þeim tilgangi er ætlunin að koma á fót formlegri kaupréttaráætlun til þriggja ára, en á grundvelli hennar verður fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar veittur kaupréttur að hlutum í félaginu á hverju ári í þrjú ár, upp að ákveðnu hámarki. Skilmálar kaupréttaráætlunarinnar munu að öðru leyti byggja á umræddu lagaákvæði og því m.a. mæla fyrir um að minnst 12 mánuðir þurfi að líða frá gerð samnings um kauprétt og þar til hann er nýttur.

Starfsmenn sem eiga hlutina í full tvö ár í kjölfar nýtingar kaupréttar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði en séu hlutir seldir innan tveggja ára greiðist tekjuskattur af hagnaði.

Tekið skal fram að kaupréttaráætlunin verður háð fyrir fram staðfestingu ríkisskattstjóra og verður því ekki komið í framkvæmd fyrr en að fenginni slíkrri staðfestingu.

Árleg gjaldfærsla vegna kaupréttaráætlunarinnar byggir á Black Scholes útreikningum í upphafi tímabils og er áætluð heildargjaldfærsla um 167 millj. króna yfir þriggja ára tímabilið, sem jafngildir að meðaltali 55,7 millj. króna á ári á gildistíma kaupréttaráætlunarinnar.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

8. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að Helgi F. Arnarson, kt. 030657-2339, verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins.

Greinargerð:

Tillagan byggir á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en af þeim leiðir að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar skuli tilnefndir á aðalfundi. Þar sem stjórn félagsins hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera utanaðkomandi, þ.e. ekki stjórnarmaður, leggur stjórnin til að fundurinn kjósi Helga F. Arnarson í nefndina.

9. Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að samþykktum félagsins verði breytt þannig að eftirfarandi ákvæði verði bætt við sem 3. mgr. 4. gr.:

„Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 80.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn sem gerðir hafa verið á grundvelli kaupréttaráætlunar í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála áskriftar hverju sinni, í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunarinnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar hverju sinni. Heimild þessi gildir til 8. maí 2030.“

Greinargerð:

Tilgangur breytingarinnar er að tryggja að félagið geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn sem gerðir verða á grundvelli kaupréttaráætlunar samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. dagskrárliður nr. 7.

Miðast hámark hækkunarheimildarinnar við áætlaðan fjölda hluta sem starfsmönnum verður heimilt að kaupa á ári hverju á fyrirhuguðum gildistíma kaupréttaráætlunarinnar, miðað við áskilið hámarksverð, og fyrirsjáanlegan fjölda fastráðinna starfsmanna samstæðunnar á tímabilinu, að teknu tilliti til mögulegra frávíka að því er varðar starfsmannaveltu og breytingar á gengi hluta í félaginu.